

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 23. apríl 1997 • 16. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Ísafjörður 24 einka- flugvélar

Á sunnudaginn var mikið annríki hjá starfsmönnum flugvallarins á Ísafirði en þá lentu samtals 24 einkaflugvélar á vellinum. Þarna voru á ferð einkaflugmenn og nemendur í fyrsta áfanga til atvinnuflugmannsreittinda, en þeir höfðu tekið sig saman og efnt til hópferðar í tilefni veðurblíðunnar. Flugmennirnir og farþegar þeirra stöldrúðu við um tíma, nutu góða veðursins á flugvellinum og brugðu sér í bæinn til að fá sér hressingu og skoða sig um. Þegar eldsneyti hafði verið bætt á farkostina var ferðinni haldið áfram.



Ísafjörður

Skúli vígður prestur

Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, vígði á sunnudag tvo presta og einn djákna við hátíðarguðsþjónustu sem haldin var í Dómkirkjunni.

Einn vígsluþega var sonur Ólafs Skúlasonar, Skúli Sigurður, sem vígðist sem aðstoðarprestur í Ísafjarðarprestakalli. Vígsluvottar voru séra Baldur Vilhelmsón, prófastur í Vatnsfirði, séra Jón Helgi Þórarinsson, séra Magnús Erlingsson, Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og séra Örn Bárður Jónsson, fræðslustjóri Þjóðkirkjunnar.

Nokkrir aðilar vilja hefja rekstur í frystihúsi Fáfnis á Þingeyri

Þingeyringar hafa verið dregnir á asnaeyrunum

— segir Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Vestfirðinga og stjórnarmaður í Bygðastofnun um framgang fulltrúa stjórnarflokkanna í Bygðastofnun í málefnum Þingeyringa

Nokkrir aðilar hafa um nokkurt skeið, skoðað þann möguleika að hefja starfsemi að nýju í frystihúsi Fáfnis hf., á Þingeyri. Um er að ræða a.m.k. þrjá hópa einstaklinga og fyrirtækja, m.a. frá Ísafirði, og munu skipa kaup vera á döfinni, náist samkomulag við eigendur húsnæðisins, um hugsanleg kaup eða leigu á húsnæðinu. Mikið starf hefur átt sér stað á vegum Bygðastofnunar, til að finna lausn á vanda Þingeyringa, og hefur stofnunin í því sambandi leitað eftir samstarfsaðilum frá því á haustdögum.

Guðmundur Ingvarsson, stjórnarformaður Fáfnis, sagði í samtali við blaðið í byrjun þessa mánaðar, að enn hefði ekki komið til þess að kröfuhafar færu fram á gjaldþrotaskipti fyrirtækisins, en skuldir þess munu vera um 200 milljónir króna. Hann sagði að nauðasamningar hefðu náðst við almenna kröfuhafa um greiðslu 20% krafna, en því hefði ekki verið framfylgt, m.a. vegna þess að samningarnir voru skilyrtir því að samstarfsaðilar fengjust með kvóta. „Þessi vinna sem við höfum

verið í með Bygðastofnun, hefur dregist úr hömlu, en ég held að mér sé óhætt að segja að henni fari að ljúka innan skamms tíma,” sagði Guðmundur í samtali við blaðið í byrjun mánaðarins.

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Vestfirðinga og stjórnarmaður í Bygðastofnun vildi ekkert láta hafa eftir sér um hugsanlega yfirtöku nokkurra aðila á frystihúsinu, og sagði allar fyrirspurnir til stofnunarinnar vera trúnaðarmál. „Allur framgangur málsins um þessar mundir er undir ströng-

um trúnaðareidum, þannig að ég get engu svarað um þetta mál á þessari stundu,” sagði Kristinn. Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu framangreindir aðilar hafa haft beint samband við stjórnendur Fáfnis og munu viðræður vera í gangi um framgang mála.

„Málið er í biðstöðu innan Bygðastofnunar, en ef einhverjir aðilar vilja gera eitthvað upp á eigin spýtur, þá fagna ég því. Það átti að liggja fyrir niðurstaða á síðasta fundi stjórnar Bygðastofnunar en það er einfaldlega ekki til pólitísk ein-

ing hjá fulltrúum stjórnarflokka-anna í stjórn stofnunarinnar um aðgerðir, því miður. Ég verð að segja það að ég er orðinn afar þungur á brún yfir frammistöðu þeirra í þessu máli og að Bygðastofnun skuli ekki hafa tekið af skarið um hvað gera skuli. Þingeyringar hafa verið dregnir á asnaeyrunum undanfarna mánuði. Ef menn ætla ekkert að gera í málefnum Þingeyringa, verða þeir að segja það strax en ef þeir ætla að gera eitthvað, þá verða þeir að gera það strax,” sagði Kristinn H. Gunnarsson.

Orkubúið

89 milljóna króna tap

Aðalfundur Orkubús Vestfjarða fyrir starfsárið 1996, verður haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag. Rúmlega 89 milljóna króna tap varð á rekstri fyrirtækisins á síðasta ári, sem er rúmlega þriggja milljóna króna betri afkoma en á árinu á undan.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var 133,4 milljónir króna á móti 136 milljónum króna árið áður. Afskriftir námu 231,7 milljón króna á móti 234,5 milljónum króna árið áður og fjármunatekjur voru 23,4 milljónir á móti 20,8 milljónum króna starfsárið 1995.

Eignir fyrirtækisins í árslok voru tæpir fjórir milljarðar króna og heildarskuldir þess jukust um rúmar 46 milljónir króna, úr 193,7 milljónum í 239,8 milljónum króna. Sjá nánar frétt á blaðsíðu 5.

Blaðsíða 4

Ísfriskur
Banderas
á fjölonum



Blaðsíða 6

Sumarið er komið
hjá Dorothee
Lubecki



Blaðsíða 9

Á leið í tónleika-
ferð til Krakow
í Póllandi



Himinn og haf á milli deiluaðila

Spurningin

Er mikið um að þú handskrifir bréf Kristján?



Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar:

„Nei, það er nú ekki mikið um það. Ég er jafnvígur á tölvu og penna og ég nota penna ef svo ber undir. Það var mat mitt og formanns bæjarráðs á þessum fundi í Reykjavík, að við þyrftum að koma frá okkur bréfi ekki síðar en strax og það gerðum við.“

Bréf sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sendi félagsmálaráðuneytinu vakti töluvert mikla athygli á dögnum. Bæði þótti erindið forvitnilegt og ekki síður sú staðreynd að bréfið var handskrifað. Í bréfinu fór bæjarstjóri fram á að félagsmálaráðuneytið beitti sér fyrir að Húsnæðisstofnun ríkisins keypti upp húseignir við Ólafstún og Goðatún á Flateyri.

Á miðnætti á sunnudag skall á verkfall um 800 félagsmanna Alþýðusambands Vestfjarða en fundir sambandsins með viðsemjendum um helgina reyndust árangurslausir. Svo virðist sem stál sé í stál og því litlar vonir bundnar við að samningar náist í brád, enda hafði ekki verið boðað til nýs fundar deiluaðila á þriðjudag þegar þetta er ritað.

Kröfur ASV um að bónus verði færður inn í kaupaxta, hafa ekki hlotið náð fyrir augum atvinnurekenda en þeir hafa tülkað niðurstöður starfshóps, sem gerði könnun á áhrifum framangreinds, á þann veg að það leiði af sér minnkandi afköst, meiri launakostnað og minnkandi framleiðni, sem sé slæmt bæði fyrir starfsmenn og fyrirtæki.

Hvar ætla aumingja stjórnendurnir að fá vinnu

„Nei, það er ekkert að fréttá hjá okkur, enda er þetta fyrsti dagurinn,“ sagði Pétur Sigurðsson, forseti ASV, þegar blaðið leitaði fréttá hjá honum á mánudaginn. „Ég vil ekki spá neinu því þetta lýtur engum lögmálum

nema lögmálum viljans. Við verðum bara að vonast til að vilji vinnuveitenda til viðræðna á öðrum nótum en hingað til, verði til staðar innan skamms. Þeir eru búnir að vera í sömu sporunum frá því að Verkamannasambandið samdi og þau virðast vera svo djúp að þeir komast ekki upp úr þeim.“

- Nú hafa atvinnurekendur nefnt í fjölmiðlum, að verkfall gæti orðið til þess að einhver fyrirtæki færu ekki af stað aftur. Hvað viltu segja um það?

„Aumingja stjórnendurnir - hvar ætla þeir þá að fá vinnu?“

- Hvað kom út úr skoðuninni á áhrifum þess að færa bónusinn inn í kaupaxtana?

„Það voru mjög fróðlegar upplýsingar sem þar komu fram. Sumt er reyndar staðfesting á því sem við vissum en annað kemur á óvart. Þetta er hið fróðlegasta plagg til að nota sem vinnugagn í framhaldinu. Þetta er auðvitað miðað við árin 1995 og 1996 og þetta er eins og með tískuna - það getur verið annað umhverfi árið 1997 sem breytt gæti þessum tölum og við verðum þá að nota þær þannig að inn í þær verði settar eitthvað sem við teljum að sé það rétta. Þetta er eins og forrit

sem hægt er að nota, breyta og gera ýmislegt með. Það átti aldrei að vera inn í myndinni að þeir sem söfnuðu saman þessum upplýsingum ættu að skilgreina einhverja lesti eða galla á útkomunni. Hana átti fyrst og fremst að nota í framhaldi á vinnu samningsaðila við að reyna að finna nýjan flöt á samningsferlinum. Í framhaldi af þessu buðum við að bónusinn yrði afnuminn á þremur árum, en því var hafnað á þeim forsendum að þá yrði enginn hvati í kerfinu. Núna eru atvinnurekendur út um allt að bjóða fólki einmitt þetta, fastan bónus á alla tíma og þá er auðvitað hvatinn farinn, þannig að þeir eru ekki samkvæmir sjálfum sér,“ sagði Pétur.

Breytingar þurfa að verða á kröfum ASV

Halldór Jónsson, vinnslustjóri hjá Básafelli hf., er í samninganefnd atvinnurekenda en hann er ósáttur við að ASV skuli hunsu álit starfshópsins sem skoðaði áhrif þess að færa bónusinn inn í kaupaxta.

„Það er settur á fót starfs-

hópur til að skoða þessar hugmyndir og hann skilar einróma álitinu þess efnis að þessi leið sé ekki fær. Það er með ólíkindum að ASV ætli að hunsu álit starfshópsins sem það setur sjálfst á fót. Það er furðulegt að þeir skuli halda þessari leið til streytu. Í álitinu kemur fram að þetta muni leiða til aukins kostnaðar við framleiðsluna og minnkandi framleiðni og þar af leiðandi lægri launa. Það var álit nefndarinnar að þetta myndi skaða bæði fyrirtæki og starfsfólk og þess vegna kom það okkur verulega á óvart að menn skyldu taka þetta upp eina ferðina enn.

Við höfum boðist til að borga sömu laun og aðrir í þessum iðnaði. Okkur hefur ekki verið bent á nein rök sem réttlæta að við getum borgað hærri laun hér en gert er í hliðstæðum fyrirtækjum í landinu. Við höfum sagt að það komi til greina að ræða frávik frá samningunum sem gerðir hafa verið, svo fremi að það leiði ekki til útgjaldaauka og það er enn til umræðu. Ég er mjög efnis um að það sé almennur vilji á með-

al verkafólks að leggja þetta kaupaukakerfi niður og það hlýtur að segja sig sjálfst að bæði starfsfólk og fyrirtæki hljóta að skaðast mjög af þessu verkfalli og þeim mun meira eftir því sem það dregst á langinn.“

- Nú segir sagan að sátta- semjari leggi áherslu á að ná fram samningum milli aðila þar sem minna ber á milli. Hver er þín skoðun á því?

„Það eru auðvitað mjög eðlileg vinnubrögð af hans hálfu. Það hefur engan tilgang fyrir hann að eyða tíma hér vestur á fjörðum yfir þessu máli á meðan himinn og haf skilur á milli deiluaðila. Það er miklu eðlilegra að hann noti sinn tíma til að ná samningum þar sem einhver grundvöllur er til staðar. Það er alveg ljóst að það þarf að verða breyting á kröfum ASV til að menn geti nálgast. Ég bara trúir því ekki að menn ætli að hunsu álit starfshópsins sem verkalyðshreyfingin bað um að yrði settur á fót. Í hópnun voru aðilar sem eru sérfræðingar í þessum málum og best kjörnir til að fjalla um þau,“ sagði Halldór.

Samningar í höfn á tveimur stöðum

Fjórðungssamböndin eru börn síns tíma

Í gær náðust samningar milli vinnuveitenda og Verkalyðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur og Verkalyðs- og sjómannafélags Tálknafjarðar. Að sögn Sigurðar Þorleifssonar, gjaldkera Verkalyðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, eru samningarnir í meginatriðum eins og samningar þeir sem Verkamannasambandið hefur gert.

„Það verður gengið frá þessu í dag [þriðjudag] og verkfalli verður frestað, en það verður gengið til atkvæðagreiðslu um samninginn á laugardaginn. Það var enginn að leggja hart að okkur og við lögðum ekki hart að neinum. Það verður bara að horfa á staðreyndirnar. Þegar menn sjá tvær leiðir og önnur er blindgata, þá fara menn ekki þar inn heldur bakka út aftur.

Þeir fara leiðina sem er beinni, þar sem öll hin félögin eru fyrir.

Mín skoðun er að fjórðungssamböndin séu börn síns tíma. Þau voru sett á stofn fyrir daga nútíma samgangna og samskiptatekni og ég held að menn eigi þar enga samleið lengur. Við erum með þessi apparöt fyrir sunnan og við eigum að láta þau þjóna okkur,“ sagði Sigurður í samtali við blaðið.

Ísafjörður

Fundur með foreldrum barna í BÍ '88

Á morgun, Sumardaginn fyrsta, verða haldnir fundir með þjálfurum og foreldrum barna í yngri flokkum Boltafélags Ísafjarðar. Á fundunum, sem haldnir eru í Vallarhúsinu á Torfnesi, verða teknar ákvarðanir um á hvaða mót sumarsins hver flokkur verður sendur, auk þess sem kynnt verður dagskrá sumarsins og fyrirhuguð fjölskylduhátíð að Núpi í Dýrafirði.

Fundartími hvers flokks er sem hér segir: 7. flokkur karla mæti kl. 14, 6. flokkur karla mæti kl. 15, 5 flokkur karla mæti kl. 16, 5 flokkur kvenna mæti kl. 17, 4. flokkur karla mæti kl. 18 og 3. flokkur kvenna mæti kl. 19. Foreldrar eru hvattir til að mæta, til að eiga þátt í þeim ákvörðunum sem teknar verða.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Sumarmál

„Eftir fornri þjóðtrú, - það veit ég, - þögnul skaltu verða og hátíðleg er í fyrsta sinni sumartunglið sérðu reika bláan himinveg.“

Þannig hefst kvæði Guðmundar Inga Kristjánssonar, skálds og bónda á Kirkjubóli, um þá þjóðtrú að sá er leit sumartunglið í fyrsta sinn átti að bíða eftir því að vera ávarpaður. Úr ávarpinu mátti síðan lesa merkingu. Jafnvel véfrétt.

Hvað sem líður fornum síðum, sem við Íslendingar erum öðrum þjóðum duglegri við að fordæma sem hindurvítni og hjátrú, þá kveðjum við nú veturinn. Á morgun byrjar Harpa. Sumardagurinn fyrsti er kominn.

Enda þótt sumardagurinn fyrsti rísi sjaldan veðurfarslega undir nafni tengdu sumri, er hann í hugum okkar upphafið að hinni nóttlausu veröld, þar sem víðsýnið orkar að lyfta mannhuganum og gerir okkur unnt að gleyma svartnættinu og öllu því amstri og erfiðleikum er fylgja árstíðinni, sem nú er að baki. Þess vegna getum við ekki án hans verið.

Veðurfarslega er ekki ástæða til að fjargviðrast út af liðnum vetri. Við höfum séð þá svartari. Hins vegar er hætt við að ekki reynist hollir allir heimafengnir baggar, sem hnýttir hafa verið á undanföllum mánuðum og misserum. Er það önnur saga, sem veðurguðum eða öðrum máttarvöldum verður ekki um kennt.

En, sumardegnum fyrsta skulum við fagna, sem fyrr. Dagurinn er boðberi þess að vorið er að koma, grundinnar taka að gróa, lækimir að fossa, skólunum að ljúka og áður en varir munu kýrnar leika við hvum sinn fingur, svo vitnað sé til fleygrar setningar úr þessum Nóbelskálðsins.

Þegar allt þetta er haft í huga og hvað sumardagurinn fyrsti færir okkur margt, skulum við blása á hugdeftur um að leggja daginn niður eða koma honum fyrir síðsumars, jafnvel á haustdögum, eða skeyta hann við aðra daga í haggræðingarskylni. Sumardagurinn fyrsti er helgur dagur í sögu þjóðar, sem alltaf hefur þurft að þreya þorra og Góu og komið misvel undan vetri. Þess vegna ber okkur að standa vörð um sumardaginn fyrsta, hvað sem öllum nöldurskjóðum kann að finnast.

„Sjáðu, sjáðu! Vetrarvaldið dvín.

Vorsins líf og gróska bíður þín.

Sólin hækkar, sumartunglið kemur.

Sumartunglið brátt á himni skín.“

Með þessum ljóðlínum Guðmundar Inga sendir BB lesendum sínum bestu óskir um gleðilegt sumar.

s.h.

Hvers vegna var línutvöföldunin afnumin?

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn minni um afla línubáta hefur vakið talsverða athygli og hefur nú síðast gefið leiðarahöfund BB tilefni til þess að krefja þingmenn Vestfirðinga svara við ýmsum spurningum um fiskveiðistjórnunarmál. Hér á eftir mun ég rökstyðja þá afstöðu mína að greiða atkvæði ásamt flestum öðrum þingmönnum, með afnámi línutvöföldunarinnar.

Línutvöföldunin þýddi það í raun að fyrir hvert tonn sem línubátar drógu að landi þá dróst aðeins hálf tonn frá kvóta á tímabilinu nóvember til febrúar. Þetta fyrirkomulag var lengst af ákjósanlegt og undirritaður studdi það þess vegna af alefli, til dæmis á fundum hagsmunasamtaka. Á síðasta ári var þetta kerfi bersýnilega komið í algjört þrot. Með sömu þróun var augljóst að það hefði sprungið og að lokum ekki orðið til nokkurs gagns fyrir útgerðir línubáta.

Tímabil línutvöföldunar var að skerðast

Þannig var að undangengin ár var til ráðstöfunar, til þess að mæta þörfum línubátanna, tiltekinn afli sem dregin var frá heildaraflamarki áður en að það kom til úthlutunar. Lengst af var hér um að ræða kappnóg magn, sem dugði línutvöföldunartímabilið allt. Á síðasta fiskveiðiári sprakk hins vegar potturinn. Línupotturinn svo nefndi dugði ekki nema fram í miðjan febrúar. Línutvöföldunartímabilið var þess vegna ekki lengur fjórir mánuðir heldur þrír og hálfur.

Í línuslaginn höfðu blandað sér öflugir bátar, búnir beitingavélum, sem gátu sótt meira og stífar en línubátarnir sem upphaflega höfðu notið tvöföldunarinnar. Smám saman var línutvöföldunin sem sagt farin að nagast utan af hinni hefðbundnu línútgærd.

Aukin ásókn hinna stærri á kostnað hinna smærri

Enginn efast um að við óbreytt skilyrði myndi ásóknin í línutvöföldunina aukast. Það var augljóst hverjir myndu verða ofan á og hverjir undir í slíkum slag. Stóru bátarnir höfðu öll skilyrði til yfirburða, enda augljóst að línutvöföldunartímabilið yfir hörðustu vetrarmánuðina var hentugra þeim. Sjómönnum og útgerðarmönnum var vitaskuld ljóst að smám saman myndi lítið gagn verða af þessu fyrirkomulagi. Línutvöföldunartímabil sem stæði í fjóra mánuði var þess virði að sækjast í, en allir vissu að við svo búið myndi ekki standa lengi. Línutvöföldunartímabilið yrði fljótlega tveir eða þrír mánuðir og kannski varla



Einar K. Guðfinnsson.

það. Sú hvatning sem þetta fyrirkomulag hafði að geyma var því smám saman að hverfa.

Það var af þessum ástæðum, sem ég að minnsta kosti kaus að leggja af þetta kerfi. Einfaldlega vegna þess að sannfæring mín var sú að þetta fyrirkomulag myndi smám saman hætta að virka fyrir útgerðir minni bátanna og þau byggðarlög sem nutu afla þessara báta.

Línubátarnir fengu lang mestan hluta tvöföldunarpottsins

Á Alþingi urði ekki mikil átök um afnám línutvöföldunarinnar í sjálfu sér. Talsmaður Alþýðuflokksins í sjávarútvegs- málum hafði vorið 1995 flutt tillögu um afnám línutvöföldunarinnar. Ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að slíkri tillögu á síðasta ári í tengslum við aðrar breytingar á fiskveiðistefnunni. Tillögunni var engan veginn laumað í gegn heldur fékk málið þinglega meðferð.

Mestu átökin urðu hins vegar um skiptingu línutvöföldunar- pottsins. Því er ekki að leyna að samtök útvegsmanna vildu að þessum afla, yrði skipt hlutfallslega niður á alla báta, án hliðsjónar af því hvort þeir hefðu stundað línuveiðar. Sú krafa var líka höfð uppi af ýmsum þingmönnum. Niðurstaðan varð hins vegar sú að 60 prósent pottsins var ráðstafað beint til línubátanna og að því búnu, eftir að aflahlutdeild þeirra hafði aukist með þessu, var afgangnum skipt í hlutfalli við aflahlutdeild, sem þýddi að línubátarnir fengu einnig sinn skerf af þessari úthlutun.

Þannig má með sanni segja að lang stærsti hluti línutvöföldunarinnar hafi orðið eftir hjá línubátunum, þeim til ráðstöfunar og skýrir meðal annars vaxandi aflahlutdeild Vestfirðinga á milli fiskveiðiára.

Línutvöföldun fyrir landröðrabáta eingöngu?

Almennt spáðu menn því að þessi ráðstöfun myndi hafa a.m.k. tvenns konar áhrif. Í fyrsta lagi myndi línufliinn minnka í heild. Það var vitað að margir línubátar færu á dragnót, eins og þegar hefur komið á daginn. Í annan stað mátti búast við því að aflinn dreifðist meira yfir árið. Hið mikla kapphlaup sem stóð á línutvöföldunartímanum gerði það að verkum að menn voru nánast þorsk- kvótalausir á öðrum tíma ársins og áttu því erfiðara með að sækja í aðrar tegundir.

Menn hafa spurt mig hvort ekki hefði mátt verja línutvöföldunina með því að takmarka hana einungis við landröðrabáta. Það hefði ég talið óráð. Línuveiðar eins og allur annar veiðiskapur verður vitaskuld að þróast og breytast eins og tækni og framfarir leyfa. Ella er víst að við sitjum uppi með úreltar aðferðir sem munu koma niður á lífskjörum þeirra sem við sjávarútveg starfa. Þess vegna hefði það verið fráleitt að draga línubáta í dilka eftir því hvort þeir hefðu verið búnir beitingavélum.

Takmörkun á flota

Hitt hefði verið að sönnu nær að reyna að takmarka innstreymið inn í línutvöföldunartímann með stýringu á þeirri flotasterð sem hefði rétt á að njóta ívilunar línutvöföldunarinnar. Sú leið var vissulega fær og hefði tryggt stöðu núverandi línufloata. Um þetta fékkst hins vegar engin samstaða því miður. Þess vegna var það tvímælalaust betri kostur að skipta línupottinum á milli línubátanna að mestu leyti og treysta þannig stöðu þeirra báta sem stundað höfðu línuveiðar, heldur en að búa við æ styttra línutvöföldunartímabil.

Frá sjónarhóli byggðanna hér á Vestfirðum og annars staðar þar sem línuveiðar hafa verið snar þáttur í atvinnumynstrinu, tel ég því að betri kosturinn hafi verið valinn. Þeir sem öðru halda fram skulda Vestfirðingum skýringar á því hvernig þeir ætluðu að tryggja stöðu línuveiðanna í skugga æ rýrara tíma- bils.

Einar K. Guðfinnsson.

Verslunarstarf

Óskum eftir að ráða starfsmann til verslunarstarfa. Framtíðarstarf.

Upplýsingar gefur Grétar í síma 456 4566 á daginn og í síma 456 4244 á kvöldin.

Húsgagnaloftið, Ljóninu, Skeiði

Á Eyvinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 - Sími 456 4306 Fisherhúsi anno 1884

Fagnið sumri með

Hljómsveitinni Rós

síðasta vetrardag (miðvikudaginn 23. apríl nk.)

í stanslausu fjöri frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Húsið opið frá kl. 19:00

Ísfirski trúbadorinn

Guðmundur Hjaltason

heldur uppi ekta kráarstemningu

föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Ljúffengir kráar-smaréttir framreiddir frá kl. 19:00

Hljómsveitin Rós

með stanslaust fjör á laugardagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Bjóðum kvöldmatargestum matseðil með ljúffengum réttum frá kl. 19:00

Húsið opið aðeins fyrir matargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt hjá okkur á föstudags- og laugardagskvöldum

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Aðgangseyrir fyrir aðra en matargesti á miðvikudags- og laugardagskvöld er kr. 500,-

Tilkynning um akstur Reykjavík - Ísafjörður

Frá 1. maí næstkomandi

mun Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf., í samvinnu við Landflutninga-Samskip hf. hefja reglubundinn akstur með vörur á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Farið verður daglega frá báðum stöðunum.

Vörur verður dreift frá FMV um norðanverða Vestfirði daglega og vörur sóttar á sömu staði. (Þingeyri - Flateyri - Suðureyri - Bolungarvík - Súðavík)

Fyrirtækin munu kappkosta að veita viðskiptavinum sínum og öllum þeim sem flytja þurfa vörur á milli þessarra staða góða og örugga þjónustu.

FMV, hefur aðsetur að Sindragötu 11, Ísafirði, sími 456 4000 og mun einnig hafa umboðsmenn í nærliggjandi þéttbýlisstöðum. Afgreiðsla í Reykjavík er hjá Landflutningum - Samskip að Skútuvogi 8, Reykjavík, sími 569 8400

Landflutningar - Samskip
Skútuvogi 8 • Reykjavík
Sími: 569 8400
Fax: 569 8411

Flutningamiðstöð Vestfjarða ehf.
Sindragötu 11 • Ísafjörður
Sími: 456 4000
Fax: 456 4009

FMV

Samkeppni í allra þágu

Baldur Trausti fer með hlutverk Che Guevarara



Baldur Trausti í hlutverki lögreglumannsins.

„Mér var boðið að koma í áheymarprufur og fékk hlutverkið í framhaldi af þeim. Andrés Sigurvinsson, leikstjóri sá mig í sýningu fjórða árs leiklistarnema Nemenda-leikhússins í vetur og

virðist hafa séð eitthvað við mig,” sagði Baldur Trausti Hreinsson, 29 ára Ísfirðingur í samtali við blaðið, en hann hefur verið valinn til að leika og syngja eitt aðalhlutverkið í söngleiknum Evítu,

hlutverk Che Guevara, sem Pé-leikhópurinn hyggst frumsýna í Reykjavík í júnímánuði.

Spennandi verkefni

„Þetta er voðalega spennandi en um leið erfitt. Maður verður bara að standa sig. Sýning sem þessi þarf mikinn undirbúning, þarna verður mikill söngur og maður fær þarna tækifæri með helstu söngvurum landsins. Ég er fyrst og fremst valinn í hlutverkið sem leikari en því er ekki að leyna að þetta er mikill heiður fyrir mig.”

Baldur Trausti Hreinsson er eins og áður sagði 29 ára Ísfirðingur. Hann er sonur hjónanna Amalíu Kristínu Einarsdóttir og Hreins Þ. Jónssonar og á ættir sínar m.a. að rekja norður á Hornstrandir. Baldur Trausti er giftur Hörpu Magnadóttur og saman eiga þau þrjú ára son. Hann bjó á Ísafirði fram til 18 ára aldurs, flutti þá til Reykjavíkur og bjó þar um tveggja ára skeið. Síðan lá leið hans aftur til Ísafjarðar þar sem hann stundaði hin ýmsu störf, m.a. í lögreglunni á Ísafirði. Haustið 1993 fluttist hann á ný til Reykjavíkur og hóf nám í Leiklistarskóla Íslands, þar sem hann lýkur námi í næsta mánuði. En hefur

Baldur Trausti lagt stund á sönginn að einhverju ráði í gegnum árin?

Kann bara að syngja og það virðist duga

„Nei. Ég kann bara að syngja og það virðist duga. Ég hef aðallega verið að syngja ljóðasöng og lög úr söngleikjum og því á það að koma mér til góða. Því er ekki að leyna að það er mjög gott fyrir mig að fá þetta hlutverk nú þegar ég er að ljúka námi, enda nokkuð um atvinnuleysi á meðal nýútskrifaðra leikara. Ég var heppinn og ég vona að mér takist að skila hlutverkinu vel. Ef ég geri það ekki, verð ég ekkert notaður meir. Maður stendur frammi fyrir því að standa og falla með verkefninu.”

Engar áhyggjur af hlutverki kyntáknins

Nú líkir DV þér við Antonio Banderas, leikarann góðkunna sem leikur Che í kvikmyndinni um Evítu. „Já, það er frá þeim komið. Ég vil ekki taka undir það. Það getur



Baldur Trausti Hreinsson.

vel verið að ég verði túlkaður sem eitthvert kyntákn, líkt og Banderas, það kemur í ljós, en ég hef engar stórar áhyggjur af því á þessari stundu.”

Baldur Trausti sagðist ekki kvíða verkefninu og sagðist hann vonast til að geta lært eitthvað af þeim „tröllum“ sem syngja með honum í sýningunni en þar eru meðal annarra þau Andrea Gylfadóttir, Egill Ólafsson og Björgvin Halldórsson. En hvað er

hann að gera þessa stundina?

„Ég er hér í Hafnarfjarðarleikhúsinu að æfa leikritið „Að eilífu“ eftir Árna Ibsen. Við ætlum að frumsýna það í byrjun maí. Það er geysilega skemmtilegt leikrit og ég vil bara hvetja alla Ísfirðinga sem eru á leið suður, að koma á sýninguna hjá okkur. Leikritið er útskriftarverkefnið okkar og því verður allt að ganga vel, sagði þessi geðþekki Ísfirðingur í samtali við blaðið.

Pantanasíminn er 456 3367

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 23: 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-
Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Brautarholt 12: 143,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eigna á Eyrinni möguleg. Tilboð

óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni.



Dalbraut 13: 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-



Fjarðarstræti 13: 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð 5.900.000,-

Verð: 7.000.000,-
Miðtún 31: 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
Strandgata 3: 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr. Verð 3.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja

íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-
Fjarðarstræti 14: 191m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvílandiveðskuldir. Verð: 3.500.000,-

Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Túngata 21: 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þríbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 6.900.000,-
Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt

innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

Suðureyri

Aðalgata 3: Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og ræktaðri lóð. Verð 2.600.000,-
Aðalgata 38: 108m² einbýlishús á einni hæð ásamt geymslu, kjallara og bílskúr. Verð 2.000.000,-
Eyrargata 6: 280m² einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 10.000.000,-
Hlíðarvegur 10: 90m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hálfum bílskúr. Tilbúin undir tréverk, þó íbúðarhæf. Tilboð óskast
Sættún 1: 180m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 5.700.000,-
Túngata 12: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast.



Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Íbúðin er mikil uppgerð. Verð: 5.200.000,-

Krafa um arðgreiðslu leiðir til hækkaðs orkuverðs

Aðalfundur Orkubús Vestfjarða fyrir starfsárið 1996, verður haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag. Í ársskýrslu fyrirtækisins fyrir síðasta starfsár kemur meðal annars fram að 89,4 milljóna króna tap varð á rekstrinum sem er rúmlega þriggja milljóna króna betri afkoma frá árinu áður, en þá nam tap fyrirtækisins 92,6 milljónum króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var rúmar 133,4 milljónir króna á móti rúmlega 136 milljónum árið áður. Afskriftir námu alls 231,7 milljón króna, fjármunatekjur voru 23,4 milljónir og því var tap á reglulegri starfsemi sem nemur 89,4 milljónum króna. Eignir fyrirtækisins í árslok 1996 voru kr. 3.998.824, sem er 33,7 milljóna króna aukning frá árinu áður. Heildarskuldir Orkubúsins voru 239,8 milljónir króna við síðustu áramót og nam eigið fé fyrirtækisins því alls 3.758,9 milljónum króna, sem er um 94,0% af heildarfjármagni.



Kristján Haraldsson, orkubússtjóri.

orkuverðs," segir Kristján m.a. í formála sínum.

Á árinu 1996 var 251,8 milljónum króna varið til fjárfestinga, þar af voru tjonabætur 16,5 milljónir og tengigjöld og vinna greidd af öðrum, 11,9 milljónir króna. Stærsta einstaka verkefnið var lagning hitaveitu í Holtahverfi á Ísafirði ásamt kyndistöð og búnaði. Þá keypti Orkubúið Hitaveitu Reykhólahrepps á árinu. Af öðrum framkvæmdum má nefna lagningu jarðstrengs í stað 33 kV línu, sem brotnaði 1995 í Arnarfirði á um 2,5 km kafla, og lagningu háspennustrengja í Önuðarfirði, Arnarfirði, Tálknafirði og í Reykhólahreppi og fleiri stöðum, alls um 20 km. Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 1,3% frá fyrra ári og nam alls 225,4 GWh. Eigin orkuvinnsla var 81,0 GWh eða 35,9% og orkukaup af Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins voru 144,4 GWh eða 64,1% af heildarorkuöfluninni.

Hagkvæmni hlutafélagsforms könnuð

Í ávarpi stjórnarformanns fyrirtækisins, Eiríks Finns Greipssonar segir m.a.: „Á aðalfundi O.V. árið 1996 var samþykkt að gera úttekt á hagkvæmni þess, kostum og göllum, að gera Orkubúið hlutafélagi. Að gerð þeirrar

skýrslu er nú unnið og verður hún án efa tilefni til efnislegrar og málefnalegar umræðu um framtíðarrekstrarform þessa ágæta fyrirtækis. Á liðnum árum hafa blásið vindar einkavæðingar um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga. Breyting opinberra fyrirtækja í hlutafélög er enn fremur mjög áberandi á síðari árum, reyndar svo áberandi að líkja má við hreinsunarelda. En hvað þýðir slík breyting hjá okkar fámenna þjóðfélagi. Íslendingar eru aðeins liðlega 260 þúsund manns í strjábýlu og krefjandi landi. Stolt fólk, með eigin menningu, eigið tungumál og tiltölulega stutta, en vel skráða sögu.”

Síðar í ávarpi sínu segir stjórnarformaðurinn: „Eins og kemur fram í formála orkubússtjóra, þá er ljóst að orkufyrirtækin standa, eins og allt í okkar samfélagi, frammi fyrir hugmyndum um breytingar. Okkar valkostur er að vera vel undirbúin fyrir umræðuna um þær breytingar, taka þátt í úrvinnslu og mótn hugmyndanna. Ábyrgð eignaraðila Orkubús Vestfjarða er hér mikil. Orkuverð er eitt þeirra grundvallaratriða, sem hafa áhrif á búsetu fólks. Ef orkuverð á að hjálpa til við búsetu á Vestfjörðum álitlega - þá verðum við að stýra þessu fyrirtæki á þann hátt að unnt verði að bjóða samkeppnishæft orkuverð. Við skulum því vona að það verði gæfusmiði eignaraðila Orkubús Vestfjarða, að skipa svo orkumálum Vestfirðinga, að unnt verði að afhenda íbúum svæðisins næga orku, á sem lægstu verði og í það minnsta samkeppnishæft verði.”

Helstu framkvæmdir ársins

Helstu framkvæmdir á vegum Orkubús Vestfjarða á yfirstandandi ári eru að unnið verður við styrkingu á 66 kV línunni Mjólka-Breiðidalur þar sem línun þverar Dýrafjörð. Þá verða víða um Vestfirðir plægð-

ir og grafnir 8 km af jarðstrengjum í stað háspennulína. Endurnýjaður verður 66 kV aflrofi í Mjólkársvirkjun og fjarlægðarliði verður settur upp í Mjólka fyrir Tálknafjarðarlínu.

Fjarmælingarbúnaður verður settur upp í Blævardalsvirkjun og Þverárvirkjun fyrir vatns-hæðamælingu. Endurbætur á Þverárvirkjun vegna bilunar á vél I verða undirbúnað og haldið verður áfram virkjunarrannsóknunum á Glámsvæðinu. Þá verður unnið við endurbætur á háspennudreifikerfum á Ísafirði, Patreksfirði, Reykhólum og Hólmavík.

Þjófa- og eldvarnarkerfi verða sett upp á höfuðstöðvunum á Stakkanesi og í rafstöðvarhúsi á Patreksfirði. Plön verða malbikuð við rafstöðvarhús á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri og einnig við Skeiði 5 og íbúðar- og rafstöðvarhús í Engidal. Lagt verður dreifikerfi í þau hús sem ekki tókst að klára á síðasta ári í Holtahverfi á Ísafirði og klárað verður að leggja lögn frá sorpbrennslustöðinni Funa að kyndistöð að Skeiði. Þá verður unnið að



Orkubús Vestfjarða.

jarðhitaleit á Ísafirði og í Bolungarvík.

Orkubússtjóri er Kristján Haraldsson. Deildarstjórnar fyrirtækisins eru þeir Bjarni Sólbergsson, fjármáladeild, Jakob Ólafsson, rekstrardeild og Egill Sigmundsson, tæknideild. Stjórnarformaður fyrirtækisins

er Eiríkur Finnur Greipsson. Varaformaður er Kristinn Jón Jónsson, tilnefndur af iðnaðarráðherra. Aðrir í aðalstjórn eru Rúnar Vífilsson, kjörinn af aðalfundi, Óskar Torfason, kjörinn af aðalfundi og Björgvin Sigurjónsson, tilnefndur af fjármálaráðherra.

Snúa verður íbúapróuninni við

Í formála Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra, segir m.a. að árið 1996 hafi að stærstum hluta verið gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var með almesta móti á árinu og rekstraráfall voru með minnsta móti. „Íbúum Vestfjarða heldur áfram að fækka og þessari þróun verður með öllum ráðum að snúa við. Nú er svo komið að ekki er lengur gert ráð fyrir aukningu á orkusölu á veitusvæði Orkubúsins af þeim sökum, heldur verður að reikna með samdrætti. Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur frá upphafi haft það að stefnumiði að halda orkuverði á Vestfjörðum eins lágu og nokkur kostur er og því ekki gert kröfu um að fyrirtækið skilaði hagnaði og arði til eignaraðila. Verði krafa um arðgreiðslur til eignaraðila sett fram og samþykkt leiðir hún óhjákvæmilega til hækkaðs

Lögreglan á Ísafirði

Óskar eftir upplýsingum

Undanfarna daga hafa nokkrar bifreiðar á Ísafirði verið skemmdar og óskar lögreglan á Ísafirði því eftir upplýsingum að eftirtöldum atvikum.

Aðfaranótt sunnudagsins 13. apríl var bifreiðin X-59, sem er hvít Subaru, rispuð þar sem hún stóð við Hafnarstræti 8. Helgina 11.-14. apríl voru rúða og ljós

brotin í bifreið sem stóð við vélsmiðjuna Þrym við Suður-götu. Aðfaranótt sunnudagsins 20. apríl var bifreiðin RR-084, sem er rauð Honda Civic, skemmd á hægri hlið þar sem hún stóð við Hamraborg.

Á tímabilinu frá laugardagskvöldinu 19. apríl til hádegis á sunnudag, var ekið á bifreiðina

JJ-294, sem er frá Toyota Carina, þar sem hún stóð við Fjarðarstræti 9. Þar hefur verið á ferðinni bifreið sem er ljós að lit. Hafi einhver upplýsingar um ofangreind atriði, er hinn sami vinsamlegast beðinn um að hafa samband við lögregluna í síma 456 4222.



Veitingastaður með stæl

Ljúffengar
pizzur, skyndibitar
og steikur
Munið heimsendingarþjónustuna

Síminn er 456 5267

AUKIN ÖKURÉTTINDI

Vilt þú öðlast réttindi til aksturs?

leigubifreiða - hópbifreiða - vörubifreiða

Ökuskóli S.G. fyrirhugar að halda námskeið til aukinna ökuréttinda á Ísafirði í byrjun maí, ef næg þáttaka fæst.

Ökuskóli S.G. hefur nú brautskráð um 750 nemendur frá því að hann hóf starfsemi fyrir 4 árum og m.a. haldið námskeið á Ísafirði við góðan orðstír.

STAÐGREIÐSLUVERÐ KR. 92.500,-

Góð greiðslukjör ef óskað er



Upplýsingar í sínum
581 1919, 892 4124,
898 3810 og hjá
Rögnu í síma 456 4863

VISA og Euro raðgreiðslur
til allt að 36 mánaða

Sigurðar Gíslasonar

Suðurlandsbraut 16
108 Reykjavík
Sími 581 1919
Fax 588 8778

Sumarið er að koma

Dorothee Lubecki hefur starfað sem ferðamálafulltrúi Vestfjarða síðan í nóvember s.l., fyrst á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, en frá 1. mars s.l. hefur hún verið starfsmaður Atvinuþróunarfélags Vestfjarða. Dorothee, eða Dóra eins og hún er kölluð, er þýsk en hefur verið viðloðandi Ísland undanfarin 15 ár og hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður erlendra ferðamanna. Dóra tók til starfa eftir að eiginlegu ferðamannatímabili lauk á síðasta ári og hefur hún því notað veturinn til að kynna staðhættum og ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum, sem hún segir að eigi mikla framtíðarmöguleika. Hún leggur höfuðáherslu á að Vestfirðir séu markaðssettir á umhverfisvænan hátt og segir það sérstöðu svæðisins hversu ósnortið það sé.

Að merkja gönguleiðir og sögustaði

„Eftir að hafa kynnt mér Vestfirði í vetur, þá er ég þess fullviss að möguleikar svæðisins eru miklir. Möguleikarnir felast aðallega í að halda þeirri stefnu á lofti sem Ferðamála-samtök Vestfjarða hafa sett, þ.e.a.s. umhverfisvæn ferðaþjónusta í fyrirrúmi. Kosturinn við Vestfirði, er að við erum kannski svolítið á eftir í ferðaþjónustunni þannig að við eigum ennþá möguleika á að ná tökum á ferðamannastraumnum í framtíðinni. Ég legg mesta áherslu núna á að undirbúa svæðið og þess vegna hef ég valið mér verkefni sem ég kalla „Að merkja gönguleiðir og sögustaði.“ Ég sótti um og fékk styrk hjá Ferðamálaráði Íslands upp á eina milljón króna til að ráðast í þetta verkefni sem felst að hluta til í að hlaða upp vörður á gömlum gönguleiðum. Með þessu er ég kannski að reyna að tengja ferðamál við þjóðmenninguna auk þess sem þetta er auðvitað náttúruvænt framtak,“ sagði Dóra í samtali við blaðið.

Hún segir að hugmyndin sé að halda hleðslunámskeið á suðursvæðinu, Ísafjarðarsvæðinu og á Ströndum en á þeim vörðum fólki kennt að hlaða vörður á réttan hátt, en það mun ekki vera eins einfalt og margur heldur. Námskeiðin verða haldin þrjár helgar í júní og aðgangur verður frjálss öllum þeim sem áhuga hafa. Eftir að námskeiðahaldinu lýkur, verður safnað saman hópum sjálfboðaliða á hverju svæði, sem munu vinna undir leiðsögn að hleðslu varða og öðru sem lýtur að merkingu gönguleiða. Að sögn Dóru eru hugmyndir uppi um að útbúa bæklinga fyrir hverja gönguleið sem unnin verður á þennann

hátt en nú þegar hafa verið gefnir út nokkrir gönguleiðabæklingar og verður höfuðáhersla lögð á að ljúka framangreindu verkefni vegna þeirra leiða fyrst. Einnig er á áætlun að smíða skilti úr rekaviði til merkinga gönguleiða og hefur smiður á Flateyri tekið að sér að gera tillögur um þau.

Á norskum pelamerskurskiðum

„Hugmyndin er að skapa net gönguleiða sem myndu tengjast þjónustukjörnum, þannig að hægt verði að senda fólk með bakpoka í dagsferðir á milli þjónustustaða án þess að það þurfi að hafa björgunarsveitir í startholunum. Við erum að leita að leiðum sem eru auðveldar og skemmtilegar og tengjast eftir vill einhverri sögu. Undirbúningur er hafinn og fólk er nú þegar farið að safna saman efni í leiðarlýsingar ásamt ýmsum fróðleik sem tengjast leiðunum. Þetta er mikil vinna vegna þess að þarna getur jafnvel verið um að ræða 20-25 gönguleiðir. Það hefur t.d. komið til tals að merkja Klofningsheiði milli Flateyrar og Suðureyrar, Álfafjarðarheiði milli Önundarfjarðar og Álfarfjarðar og leið sem liggur milli Ísafjarðar, Hnífsdals og Bolungarvíkur svo eitthvað sé nefnt. Þetta verður ansi mikið átak og ef þetta tekst þá verðum við búin að skapa ákveðinn grunn sem síðan verður hægt að prjóna meira við.“

Dóra segir að til að byrja með verði reynt að nota þá þjónustu sem er til staðar á hverju svæði en í framtíðinni mætti jafnvel gera ráð fyrir fjallakofum eins og tíðkast t.d. í Noregi.

„Ég held að þetta svæði henti ekki síður til útiveru á veturna.

Ég er búin að þvælast upp um öll fjöll á norskum Pelamerskurskiðum í vetur og mér hefur oft verið hugsað til þess hversu dásamlegt það gæti verið að geta búið um sig í einhverjum skála upp á fjalli yfir nótt.“

Strandamenn leggja áherslu á galdra

Dóra segir að ferðaþjónustan sé því miður ekki nógu viðurkennd sem alvöru atvinnugrein og nefnir sem dæmi erfiðleika við að fjármagna upplýsingamiðstöðvar.

„Við erum núna að berjast fyrir því að fá tryggingu fyrir að hægt verði að reka upplýsingamiðstöð á Ísafirði en það er mjög æskilegt að þær verði fleiri hér á svæðinu. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera hægt að ganga að ákveðnum gæðum í upplýsingamiðstöðvum. Til þess að svo sé, er nauðsynlegt að hægt sé að borga starfsmanni viðunandi laun, að öðrum kosti er verið að reyna að veita þessa þjónustu í einhverjum sjoppum þar sem viðkomandi, sem oft eru unglingar, eru oft illa í stakk búnir til að veita upplýsingar. Við þetta þarf að starfa fólk sem er meðvitað um það sem það er að gera, hefur yfirsýn yfir allt viðkomandi svæði, fylgist með breytingum og getur einbeitt sér að greiða úr vandamálum ferðafólks.“

- En nú er að koma sumar Dóra. Verður ekki mikið um að vera?

„Við erum núna að vinna að atburðadagatali fyrir alla Vestfirði og það kennir ýmissa grasa þar. Það verða t.d. hátíðahöld vegna 100 ára afmælis sundlaugarinnar á Tálknafirði í júlí, Vestfjarðavíkingurinn verður í byrjun júlí, í Dýrafirði verða haldnir Dýrfirðingadagar þar sem boðið verður upp á heilmikla dagskrá og handverksýningar og sandkastalakeppnir verða víða á Vestfjörðum og svo framvegis. Strandamenn leggja mikla áherslu á galdramál í markaðssetningu sinni en þeir nota Ægishjálms sem markaðssetningamerki. Það verða haldin galdravöld í Café Riis á Hólmarvík, hátíð í Djúpuvík og byggjuhátíð á Drangnesi o.fl. Auk þessa munu leiðsögumenn víða um Vestfirði bjóða ferðafólki upp á skipulagðar göngu- og skoðunarferðir.“

Samræmdur opnunartími

Nýjungarnar í þjónustu við ferðamenn eru kannski þær, að



Dorothee Lubecki.

menn á Patrefsfirði hafa fest kaup á bát sem þeir ætla að nota til að bjóða ferðafólki í ferðir undir Látrabjarg og Konni Eggerts á Ísafirði verður með hvalaskoðunarferðir. Einnig verður byrjað á að bjóða upp á hestaferðir kringum Drangjökul og Strandamenn munu verða með nýjungar í sínum hestaferðum.“


Dóra segir að nokkrir nýir gistinguferðir verði í boði og nefnir t.d. félagsheimilið í Ögri í því sambandi ásamt Korpudal í Önundarfirði, Hrauni á Ingjaldssandi, Innri Múla á Barðaströnd og Reykjanesi. Hún segir að nóg sé um alla almenna gistingu á Vestfjörðum en aðstaða til að taka á móti

stórum hópum sé síðri. Einnig finnst henni að farfluglaheimili þyrftu að vera fleiri, en þau eru í rauninni einfaldasta form gistingu. Hún leggur áherslu á að verslunar- og þjónustufyrirtæki verði vakandi fyrir möguleikum sem gefast vegna komu skemmtiferðaskipa og segir að t.d. verslanir ættu að íhuga að samræma opnunartíma sinn komutíma skipanna, þótt um helgi eða kvöld sé að ræða, því það séu kannski hundruðir manna sem komi í land í nokkrar klukkustundir og því eftir töluverðu að slægjast.

Dóra býður sumarsins með eftirvæntingu og er bjartsýn á að ferðamannatímabilið framundan verði gott. Hún segir að

ekki sé nóg að hafa hugmyndir, heldur þurfi að koma þeim í umræðu og þess vegna vilji hún bjóða til fundar þeim sem áhuga hafa á að fylgjast með og leggja eitthvað til málanna.

„Ég hef haldið spjallfundi víða um Vestfirði og nú er kominn tími til að halda einn slíkan hér á Ísafirði og stefnum við Þórunn Gestsdóttir, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, að því að halda sameiginlegan fund mánudagkvöldið 5. maí. Þar mun ég lýsa gönguleiðaverkefningu og svara fyrirspurnum, en Þórunn ætlar að tala um komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í sumar,“ sagði Dóra að lokum.



Nýtt Silfurtorg: Á teikningunni má m.a. sjá fimm söðullaga upphækkanir en í hverjum söðli verður tré, lýsing og setbekkur úr rekavið. Einnig er gert ráð fyrir sviði eða palli sem á að nýtast við allskyns hátíðahöld og uppákomur.

Framkvæmdir við nýjan miðbæ Ísafjarðar

Annar áfangi boðinn út

Nú er í undirbúningi útboð á vegum Ísafjarðarbæjar á framkvæmdum við 2. áfanga endurbóta á Hafnarstræti á Ísafirði og verður verkið boðið út innan skamms. Í 2. áfanga verður Silfurtorginu umbylt og það gert vistvænna, eins og Sigurður Mar Óskarsson, hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar, orðaði það í

samtali við blaðið og er áætlað að verkið verði klárað í sumar. Um 30 milljónum króna er ætlað í framkvæmdir við Hafnarstræti samkvæmt fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir þetta ár.

„Það verður allt rífið upp og svæðið endurskipulagt frá grunni samkvæmt verðlauna-

tillögu Pálmars Kristmundssonar arkitekts. Þarna mun verða torg sem akstursleiðin verður sveigð framhjá en þetta rými mun nýtast sem útivistarsvæði og sem vettvangur ýmissa uppákoma.“ Sigurður segir að við fyrsta tækifæri verði hafist handa við að ljúka 1. áfanga, en ekki reyndist unnt að klára það

verk í haust áður en snjóa tók. „Þetta kemur undan snjó svipað og við áttum von á og þegar frost fer úr jörðu verður hægt að hefja verkið þar sem frá var horfið, en það átti eftir helluleggja eitthvað og þjappa ásamt öðrum frágangi,“ sagði Sigurður. Í umsögn dómnefndar um

tillögu Pálmars segir m.a., að skipulag Silfurtorgs sé leyst í sterku samspili við núverandi umhverfi torgsins. Með halla torgsins er á einfaldan hátt skapaður möguleiki til að nota umferðarluta (tröppurnar) sem svið þar sem húsin við torgið mynda baksvið. Hlaðinn veggur veitir skjól og skírskotar til

vestfirskra hefða. Efnisnotkun er hógvæð og hnitmiðuð, og tekur tillit til vestfirskis umhverfis og framleiðslumöguleika. Akandi umferð um torgið er leidd framhjá aðal torgfletinum og er með einföldum hætti hægt að loka umferðarleiðinni og nýta hana með göngusvæðinu.



Ísafjörður

Kratar selja Höllina

Jafnaðarmannafélag Ísafjarðarbæjar hefur gert samkomulag um sölu á tveimur efstu hæðum „Kratahallarinnar“ við Silfurtorg á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að húsnæði það sem hýsti sjoppuna Vitann, verði tekið upp í kaupverð þriðju hæðar húss Jafnaðarmannafélagsins, en óvíst er hvort það verður notað sem skrifstofa félagsins, eða leigt út.

Eiríkur Kristófersson, annar tveggja aðila sem séð hefur

um sölu húseignarinnar, sagði í samtali við blaðið að nokkrar fyrirspurnir hefðu borist um tvær neðstu hæðir „Kratahallarinnar“ og átti hann alveg eins von á að þær yrðu seldar áður en langt um liði. Neðsta hæðin er í leigu og mun sá leigusamningur vera í gildi í nokkur ár til viðbótar. Eiríkur sagði að „Kratahöllin“ hefði þyngt félaginu fjárhagslega og því væri ekki um annað að ræða en að selja hana.

Sumarbúðir þjóðkirkjunnar á Núpi í Dýrafirði

Starfræktar í sumar

Sumarbúðir þjóðkirkjunnar verða starfræktar á Núpi í Dýrafirði nú í sumar á vegum Æskulýðssambands vestfirskra safnaða, ÆSK VEST. Tveir flokkar verða í boði fyrir börn á aldrinum 7-12 ára og standa þeir í sex daga í senn. Fyrri flokkurinn hefst sunnudaginn 29. júní og sá síðari hefst sunnudaginn 6. júlí.

Á Núpi er stórbrotið og fagurt umhverfi, sem býður upp á fjölbreytta útiveru. Farið verður í gönguferðir, fjöruferðir, leiki og íþróttir. Daglega eru morgunbænir í kirkjunni og fræðslustundir eru um Guðs orð og kenndar bænir. Kvöldvökur eru á kvöldin þar sem þátttakendur fá að láta reyna á leik- og sönghæfileika sína. Sumarbúðastjórar verða Dagný Halla Tómasdóttir og Sveinn Bjarki



Frá Núpi í Dýrafirði.

Tómasson en sóknarprestur á Vestfjörðum munu einnig taka þátt í sumarbúðastarfinu.

Upplýsingar og skráningu annast sr. Flosi Magnússon prófastur, í síma 456 2121 og

sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur, í síma 345 8211.

Sambærilegt verð og fyrir sunnan - segja kaupmenn

Í verðkönnun sem Neytendafélag Vestfjarða gerði þann 15. apríl, var borið saman verð á 52 vörutegundum í fjórum verslunum sem flokkast undir smærri stórmarkaðsverslanir. Þessar verslanir eru Vöruval á Skeiði og Samkaup á Ísafirði, Samkaup í Hafnarfirði og Kaupgarður í Mjódd. Þegar verðlagning er skoðuð hjá þessum verslunum á 37 vörutegundum, sem fengust a.m.k. í þremur þeirra, kemur í ljós að Kaupgarður í Mjódd er með hæsta verði í 15 tilvikum, Samkaup á Ísafirði í 14, Vöruval í 12 og Samkaup í Hafnarfirði í 9 tilvikum. Samkaup í Hafnarfirði er með lægsta verð í 16 tilvikum af þessum 37 vörutegundum, Kaupgarður í 15, Vöruval í 14 og Samkaup á Ísafirði í 8 tilvikum. Á öðrum vöruteg-

undum umfram þessar 37, var annað hvort sama verð í öllum verslunum eða að viðkomandi vara fékkst ekki nema í einni þeirra og var reynt að sneiða hjá þeim vörum í samamburði þessum.

Mesti munur á milli hæsta og lægsta verðs var 45%, en það var á Rauðum Rubín kaffipakka, 500gr., sem kostaði 432 krónur í Kaupgarði en 298 krónur í Samkaupum í Hafnarfirði. Kaffipakkinn kostaði 387 krónur í Samkaupum á Ísafirði og 382 krónur í Vöruvali. Mikill munur reyndist á milli hæsta og lægsta verðs á gulrótum en kíló af þeim kostaði 416 krónur í Samkaupum á Ísafirði, en 296 krónur í Vöruvali og Kaupgarði og munar þarna 40,5%. Gulrætur voru ekki til í Samkaupum

í Hafnarfirði. Eitt kíló af appelsínunum kostaði 198 krónur í Samkaupum Ísafirði en 147 krónur í öllum hinum verslunum og munar þar 34,7%. 454gr. af River rich hrísgrjónum kostuðu 72 krónur í Samkaupum Ísafirði en 97 krónur í Kaupgarði og munar þar 34,7%. Hrísgjónin kostuðu 79 krónur í Vöruvali. Það munaði 26,7% á hæsta og lægsta verði Kornax hveitis, 2kg., en það var dýrast í Vöruvali, 95 krónur, en ódýrast í Samkaupum Ísafirði, 75 krónur. Vöruval var einnig með dýrasta Maizena sósujafrann, en 250gr. kostuðu þar 140 krónur, en 104 krónur í Samkaupum í Hafnarfirði og skakkar þar 34,6%. Sósujafranninn kostaði 107 krónur í Samkaupum á Ísafirði.

Ef teknar eru þær vörur sem fengust í öllum verslunum og þær settar í körfu, þá kostar karfan 9.198,- krónur í Samkaupum í Hafnarfirði, 9.234,- krónur í Samkaupum á Ísafirði, 9.329,- krónur í Vöruvali og 9.471,- krónur í Kaupgarði í Mjódd.

Þegar Samkaupsverslanirnar eru teknar og skoðaðar sérstaklega þá kemur í ljós að af 44 vörutegundum sem fengust bæði á Ísafirði og Hafnarfirði, þá er herra verð á 20 tegundum á Ísafirði, en 11 vörutegundir eru ódýrari þar en í Hafnarfirði. Ef allar 44 vörutegundirnar voru hins vegar settar saman, þá reyndist nánast sama hvort þær eru keyptar í Hafnarfirði eða á Ísafirði.

Vöruverð hefur lækkað

„Ég er ánægður með að vöruverð á Vestfjörðum hefur lækkað en það má rekja beint til þess að Kaupfélag Suðurnesja ákvað að setja upp verslun á Ísafirði. Í stórri verðkönnun í haust voru Vestfirðingar með 115-120 stig þar sem meðaltalið var hundrað. Núna er verðlagið svipað og það er fyrir sunnan,“ sagði Ómar Valdimarsson í samtali við blaðið.



Ómar Valdimarsson

„Nei, við erum ekki með samtengd söluverki en það er framtíðarmúsík hjá okkur, ef svo má segja. Þetta er mál sem þarf að leysa. Það er kannski ekki sama vöruverð upp á krónu í öllum Samkaupsverslunum, en ég leyfi mér að fullyrða að verðlagið í heildina er það sama.

Mestu máli skiptir að vöruverð hefur lækkað hér og mér finnst skipta minna máli þótt einhverjum krónum, til eða

frá, muni á vörutegundum milli búða. Vörur eru að koma inn á misjöfnum tímum og þess vegna er aldrei hægt að hafa nákvæmlega sama verð á þeim. Segjum sem svo, að Samkaup í Hafnarfirði taki inn nýja sendingu á kexi og það er verðhækkun á því - á ég þá að hækka verðið um leið hérna á Ísafirði bara af því að það hækkar fyrir sunnan?“ sagði Ómar.

Einar Jónatansson, um verkfallsátökin

Ekki von á nýju tilboði

„Það sem við erum óánægðastir með, er að fiskvinnslufólki á Vestfjörðum er ekki gefið tækifæri á því að taka afstöðu til þess, hvort nokkuð sé óeðlilegt við það að laun á Vestfjörðum séu á sömu nótum og annars staðar á landinu. Áður en látið er á það reyna, tekur tiltölulega fámennur hópur um það ákvörðun að lama nánast allt atvinnulíf á Vestfjörðum,“ sagði Einar Jónatansson, formaður samninganeftdar Vinnuveit-

endafélags Vestfjarða í samtali við blaðið.

Einar sagði að eftir erfiðleika undanfarinna ára hefðu menn leitað nýrra leiða til að efla fyrirtækin á Vestfjörðum og þar með byggðina. „Menn hafa vonað að bjartara væri framanundan. Þessi vinnustöðvun nú eru kaldar kveðjur til þeirra sem hafa unnið að því hörðum höndum að styrkja undirstöður atvinnulífsins hér á síðustu misserum.“

Einar sagði að engin kynning hefði farið fram á þeim samningum sem gerðir hafa verið fyrir hönd megin þorra launafólks á almennum vinnumarkaði, en upp á það hefur tilboð vinnuveitenda hljóðað. „Jafnvel sumt af því fólki sem tók þátt í samningaviðræðum við okkur um helgina, viðurkenndi að það væri þá að sjá í fyrsta skipti þann samning sem gerður hafði verið við fiskvinnslufólk um land allt. Þvert á móti hafa forystumenn ASV fundið þessum samningi allt til foráttu og nánast talið hann upphaf alls illis. Það er sífellt klífað á því að við viljum ekkert bjóða. Það er lagt á borð fyrir fólk að þeir foringjar sem gerðu þessa samninga hafi nánast setið á svikráðum. Ég óttast reyndar að það verði atvinnulífi á Vestfjörðum dýrkeypt hversu erfiðlega það gengur hjá forystu ASV að komast frá stórorðum yfirlýsingum sínum á síðustu vikum og mánuðum.“

–Er von á nýju tilboði frá ykkur?

„Nei. Við höfum boðið það

sem við getum boðið. Ég held að þeir sem eru raunsæir, skilji að fyrirtækin hér geta ekki búið við mun hærri launakostnað en gengur og gerist í landinu. Forystumenn verkalyðsfélaganna í Bolungarvík og á Tálknafirði hafa áttað sig á þessari staðreynd. Þeir hafa tekið ábyrga afstöðu og vilja nú væntanlega gefa sínu fólki kost á að greiða atkvæði um hvort nokkuð sé óeðlilegt við það að laun við fiskvinnslu á Vestfjörðum séu þau sömu og annars staðar á landinu,“ sagði Einar.

Ísafjörður

Fermining

Gunnar Örn Rögnvaldsson mun gangast undir borgaralega ferminingunni sunnudaginn 27. apríl næstkomandi og fer athöfnin fram í Tjörúhúsinu í Neðsta-kaupstað kl. 15:00.

Bolungarvík

Sumarfagnaður

Nú í vetur hefur hópur kvenna komið saman í Bolungarvík, einu sinni í viku og sungið undir handleiðslu Margrétar Gunnarsdóttur og Guðrúnar B. Magnúsdóttur.

Nú er komið að uppskeruhátíð þessa samstarfs og af því tilefni verður haldinn Sumarfagnaður í Víkurbae, sumardag-

inn fyrsta kl. 16:00, undir yfirskriftinni „Vertu til er vorið kallar á þig.“ Þar mun kvennakórinn syngja nokkur vel valin lög til að fagna sumarkomunni, ásamt því að nemendur úr Grunnskóla Bolungarvíkur og Tónlistarskóla Bolungarvíkur munu stíga á svið.

Benedikt Kristjánsson

Okkur hefur orðið ágengt

„Ég sé það á þessari könnun að Vöruvals verslanirnar eru með fyllilega sambærilegt verð og stærstu stórmarkaðir í Reykjavík. Hvað varðar Samkaup á Ísafirði þá erum við í mörgum tilfellum með lægra verð. Það kemur í ljós í þessari verðkönnun að ef allar vörutegundirnar eru teknar með í reikninginn, þá er Vöruval ódýrast í 24 tilfellum en Samkaup á Ísafirði er ódýrast í 8 tilfellum.

Það vekur einnig mikla athygli að ekki er um sama verð að ræða í Samkaupsverslunum á stórum hluta vörutegunda. Hvað okkur varðar, þá kemur í ljós að sú vinna sem við höfum verið að vinna undanfarna mánuði hefur orðið til þess að vöruverðið hefur lækkað. Okkur hefur því orðið mjög ágengt í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir og það er nú sambærilegt verðlag hér og er í stórmörkuðum höfuðborgarsvæðisins. Ég vill vekja athygli á að við erum að bjóða sama verð í öllum okkar búðum með samtengdu tölvuverki. Samkaupsmenn sögðust líka gera það, en það er greinilegt á þessari verðkönnun að það gera þeir ekki.

Samkeppnin herna er vissulega hörð og því er fullyrðing Svæðisútværpsins, um að hér ríki fákeppni, algjörlega úrlausu lofti gripin. Samkeppnin hefur aldrei verið eins hörð. Við erum bæði í samkeppni um verð og viðskiptavinum. Tvær verslanir á Ísafirði hafa hætt rekstri, sem er óbein afleiðing aukinnar



Benedikt Kristjánsson

samkeppni sem hefur aldrei verið eins virk og í dag.

Við eigum allt okkar undir því að reksturinn gangi upp og því er ekki að leynd, að það er illa komið fyrir mönnum þegar þeir keyra sig svo niður í verði að illa getur horft í rekstri fyrirtækja þeirra. Þótt samkeppni sé af hinu góða, þá verða menn að ætla sér það að fyrirtækin geti lifað. Fólk verður að skilja, að ef til lengri tíma er litíð, þá er heillavænlegra að renna styrkari stoðum undir þann rekstur sem fyrir er.

Þótt rekstur verslunar okkar á Ísafirði hafi verið í járnnum á síðasta ári, þá erum við þó réttum megin við strikið. En við höfum greinilega ætlað okkur um of í verslun okkar í Bolungarvík og hefði útkoman þurft að vera mikið betri þar svo að verslunin hefði möguleika á að standa undir væntingum viðskiptavina,“ sagði Benedikt Kristjánsson.



Til sölu

Til sölu er 3ja - 4ra herbergja íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsinu nr. 20 við Aðalstræti á Ísafirði. Íbúðin er u.þ.b. 100m² að stærð, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum. Vönduð íbúð á góðum stað í miðbæ Ísafjarðar.

Óskað er eftir tilboðum í eignina, en allar nánari upplýsingar um eignina gefur Björn Jóhannesson, hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði, í síma 456 4577 frá kl. 10:00 til kl. 12:00 og frá kl. 13:00 til kl. 16:00.





Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur, í ræðustól á landsfundi Zonta á laugardag. Aðrar við háborðið eru f.v. Ragnheiður Gestsdóttir túlkur, Kirsten Theisen umdæmisstjóri 13. svæðis, Ragnheiður Hansdóttir svæðisstjóri, Jósefína Gísladóttir formaður Zonta á Ísafirði og Helga Bjarnason formaður Zontaklúbbs Reykjavíkur.

Ísafjörður

Landsfundur Zontafélaga

Landsfundur Zonta félaga á Íslandi var haldinn á Ísafirði um helgina og komu þar saman 62 konur úr sex klúbbum frá Reykjavík, Akureyri og Selfossi, auk vestfirsku kvennanna. Á föstudagskvöld var opið hús hjá formanni Zontaklúbbsins Fjörgynjar á Ísafirði, Jósefinu Gísladóttur, og gafst konunum þar færi á að kynna áður en eiginlegt fundarstarf hófst á laugardag.

Á landsfundinum, sem haldinn var í stjórnsýsluhúsinu, fóru fram hefðbundin fundarstörf en hádegiserindi flutti Irena Kojic, kennari og túlkur, og fjallaði það um flóttamannahjálpa á Ísafirði. Kirsten Theisen umdæmisstjóri 13. svæðis, sem er Noregur, Danmörk og Ísland, mætti til fundarins og flutti ávarp. Vestfirskar konur sýndu listmuni og komu munirnir aðkomukonunum mikið á óvart, en þær áttu ekki orð til að lýsa hrifningu sinni. Á laugardagskvöldið var svokölluð stofnskrárhátíð

Fjörgynjar og Hátíðarkvöldverður á Hótel Ísafirði en á undan var kokkteilboð í boði bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Á sunnudaginn var Ísafjarðarkirkja skoðuð og síðan var ekið um Vestfjarðagöng til Flateyrar. Þaðan var ekið í Holt í Önundarfirði þar sem hádegisverður var snæddur en aðkomukonur héldu síðan til síns heima seinni part sunnudags.

Zonta er alþjóðleg samtök kvenna, er starfa við stjórnun fyrirtækja og annarra stofnana og á sviði sérmenntunar. Samkvæmt lögum Zonta geta tvær konur úr hverri starfsgrein verið í hverjum klúbbi en markmið félagskaparins er m.a. að styrkja stöðu kvenna um heim allan, með tilliti til lagasetningar, stjórn mála, efnahags og menntunar. Einnig að vinna að auknum skilningi, góðvild og friði í hinu alþjóðlega samstarfi kvenna er sameinast hafa um hugsjón kvenna.

Fimmtán nemendur Tónlistarskólans

Halda í tónleikaferð til Krakow í Póllandi

Fríður og fengulegur hópur ísfirskra tónlistarnema, alls fimmtán manns, eru þessa dagana að undirbúa ferðalag til Póllands, þar sem þau munu heimsækja tónlistarskóla í borginni Krakow. Hér er um að ræða strengjasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar og nokkra aðra nemendur sem leika á píanó og harmóníkkju. Nemendurnir halda í ævintýraferðina, miðvikudaginn 28. maí og mun hún standa yfir í níu daga, til föstudagsins 6. júní.

Á Íslandi eru víða starfandi pólskir tónlistarkennarar og er Ísafjörður þar engin undantekning. Pólski fiðluleikarinn, Janusz Frach, hefur nú kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar í tæp þrjú ár og hefur á þeim tíma náð eftirtektarverðum árangri með nemendur sína. Strengjasveit skólans hefur vakið mikla athygli fyrir góðan leik undir hans stjórn, enda hafa nemendurnir unnið mikið og lagt hart að sér. Því var það ákveðið síðastliðið haust, að fara með hópinn út fyrir landsteinana og varð Krakow, fæðingaborg Januszar fyrir valinu. Hópurinn mun halda tónleika í tónlistarskólanum, þar sem Janusz hlaut sína tónlistarmenntun á yngri árum og á efnis-skránni verða verk eftir Mozart, Vivaldi, Corelli, Handel og pólska tónskáldið Bace-wich, auk íslenskra þjóðlaga og verka eftir Hjálmar Ragnarsson og Jón Leifs. Þá hefur Jónas Tómasson, tónskáld, samið sérstakt hljómsveitarverk af þessu tilefni og ber verkið heitið „Glacioso“.



Ísfirsku tónlistarnemarnir sem nú eru á fullu við lokaundirbúning fyrir ævintýraferð til Krakow í Póllandi.

Ísfirsku krakkarnir munu búa hjá pólskum fjölskyldum á meðan á dvölinni stendur og getur Ísafjörður vart átt betri sendifulltrúa á erlendri grund en þetta duglega og hæfileikaríka æskufólk. Ferð af þessu tagi er vitanlega dýrt fyrirtæki, og hafa nemendurnir verið duglegir við að safna fé, einkum með leik sínum í fyrirtækjum og stofnunum. Nú stendur fyrir dyrum lokaátak í fjárfloflun og hafa nemendurnir undirbúið ýmis konar dagskrár sem fyrirtæki, stofnanir og félög geta keypt af þeim gegn vægu gjaldi. Þeir sem hafa áhuga á að fá söng og hljóðfærslátt af þessu tagi og vilja um leið styrkja gott málefni, er bent á að hafa samband við skrifstofu skólans, sími 456 3926, eða við Sigríði Ragnarsdóttur, skólustjóra í heimasíma 456 3010.

MARBERT

kynning
á föstudag
milli kl. 11:00
og 18:00



Kynnum til dæmis nýja
kremið ANTI-COUPEROSE

Til að verja húðina vegna
hárræðaslits og viðkvæmni
vegna hita- og kuldbreytinga

KEISIMA

Ísafjarðarleið í samstarf við VM

Ísafjarðarleið hefur nú hafið samstarf
við Vöruflytningamiðstöðina hf.

Ísafjarðar leið hefur hafið samstarf við Vöruflytningamiðstöðina hf. til að tryggja góða ferðingarmarkaðsgerð og gættu ferðingarmarkaðsgerð. Ferðingarmarkaðsgerð er um all þess með mikilli fróðleiki í alla hlötu ferðingarmarkaðsgerð.

Vöruflytningamiðstöðin hf. er á höfuðstöðum sínum í Reykjavík, höfuðstöðum sínum í Akureyri, Ólafsvík, Grindavík, Flateyri, Suðurlandi og Höfn.

Flötvegur ferðis ísafjarðarleiðar er eftirfarandi:

Frá höfuðstöðum Reykjavíkur	Alla vikna daga kl. 11:00*
Frá Reykjavíki til Ísafjarðar	Alla vikna daga kl. 11:00
Frá höfuðstöðum Akureyri	Mikudaga kl. 11:00
Frá Akureyri til Ísafjarðar	Föstudaga kl. 11:00

*Tilfarlegar ferðir eru

Ísafjarðarleið ehf.
Vöruflytningamiðstöðin hf.
Skrifstofa 12a - Sími 456 4101



Vöruflytningamiðstöðin hf.
Skrifstofa 12a - Sími 456 4101

Hver er Sigurður Jónsson?

Sigurður Jónsson, sá sem hér er spurt um, varð frægur um allt Ísland og lá undir grun um að vera fíkniefnaneytandi. Þetta var í síðustu viku. DV sagði berum orðum í fyrrisögn á útsíðu að 72 ára gamall maður á Ísafirði væri í fíkniefnum. Fréttin sjálf greindi ekki frá því. Helgarpósturinn sló því upp í forsiðufrétt að Sigurður væri í klóm dópista.

Birt var viðtal við Sigurð í Helgarpóstinum. Hann vildi fátt segja um aðstæður sínar. Þó kom fram að erfðafjárskattur hefði verið greiddur og einhver fjárhæð til viðbótar í andvirði hússins. „Þau“ bönnuðu honum að segja hversu mikið. „Þau“ eru væntanlega kaupendur hússins á sínum tíma þegar húsið skipti um eigendur og eignarhaldið hvarf úr höndum Sigurðar. En fram kom í Helgarpóstinum að Sigurður var einkaerfingi bróður síns. En hann mun hafa átt í erfiðleikum með að greiða erfðafjárskatt af þeim helmingi hússins er kom í hans hlut.

Gegn greiðslu þess erfðafjárskatts og einhverrar fjárhæðar sem virðist hafa verið lítilræði, keyptu „þau“ húsið. En síðar skildu „þau“ og konan hvarf úr húsinu með tvö börn. Eftir sátu Sigurður og vinur hans Máni. Sigurður vissi ekkert um fíkniefni eða meðferð Mána á þeim samkvæmt viðtalinu við hann í Helgarpóstinum.

Skiljanlega er mörgum brugðið við þessar fréttir. Ísfróingar kippa sér greinilega ekki mikið upp við þær fréttir að 72 ára gamall maður búi við þessar aðstæður. Það hefur verið á almannavitorði, að minnsta kosti síðan í haust, þegar lögreglan á Ísafirði leitaði í húsinu og fann tæki til að brúka fíkniefni, vopn af öllum gerðum og þýfi, að þangað legðu fíklar leið sína í leit að „dópi“.

Ísland er enn svo lítið samfélag að almenningur hrekkur upp við þessar fréttir af aðbúnaði gamals manns. Flestu fólki þykir þetta vondar fréttir. Hver getur hugsað sér að faðir hans eða móðir búi við það, að allskonar fólk gangi inn og út af heimili aldraðs foreldris eða ættingja, kannski undir áhrifum hvers kyns eiturefna að nóttu sem degi?

Ísfróingar hafa vanist því að sjá Sigurð Jónsson ganga hér um götur, heilsa hverjum sem er með bros á vör. Hann er bara svona. En útlit hans og klæðaburði hefur hrakað mikið, einkanlega eftir lát bróður hans. Hann á samt góða að, sem rétta honum þá litlu hjálpi sem hann vill þiggja.

Félagsmálayfirvöld á Ísafirði - Ekki til viðtals

Ellismellur í dópi var millifyrirsögn í síðustu viku. Nóturlegt, ekki satt, en samt hrökkva yfirvöld sviðs félagsmála ekki í gang í Ísafjarðarbæ. Bera þau enga ábyrgð? Greinilega var hægt að tosa sýslumanninum til að svara spurningum, þótt hann vildi lítið segja í Helgarpóstinum. Einkamál sagði hann, sem ég má ekki tjá mig um opinberlega, sagði hann efnislega. Hinn dæmigerði embættismaður með viðeigandi hroka, og þó. Hann bar til baka að Sigurður öldungur væri í fíkniefnum. Það hefði ekki sannast. Lögreglurannsókn, sagði sýslumaður, og bætti við að félagslegur aðbúnaður heyrði undir félagsmálayfirvöld á hverjum stað. Kannski var hann bara stigsmun skárri en félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Tynes, og formaður félagsmálaráðs Ísafjarðarbæjar, Karitas Pálsdóttir. Hún neitaði að tala við Helgarpóstin, en Jón fannst ekki. Þá vaknar spurning, var Jón týndur? Ekki svaraði hann skilaboðum. Það má hugsa sem svo, eins gott að það var ekki skjólstæðingur í brýnni þörf að reyna að ná í hann.


Karitas fannst þó eins og sýslumaðurinn, þó hún hefði ekkert við Helgarpóstin að tala. Það verður að viðurkennast að Helgarpósturinn er kannski ekki skemmtilegasta blaðið, en fjölmiðill þó og leggur fyrir sig að reyna að finna botn í þessa makalaus frétt um „ellilífeyrisþega í fíkniefnum“.

Jón týndur?

Mörgum finnst kaldranalagt að ekki skuli gripið inn í þetta ferli. Sjálfsagt er það rétt hjá sýslumanninum að félagsmálayfirvöld eigi næsta leik. En getur hann ekki gert eitthvað þegar Jón sviðsstjóri félagsmálasviðs er týndur. Hann er þó þjónn almennings eða hvað, þótt hann hafi ekkert svið, enda ríkisstarfsmaður.

Er yfirvöldunum kannski sama um gamla manninn sem er alls endis óvanur því að fást við hið flókna líf utan hússins, sem hann á ekki lengur, en hefur alið aldur sinn í? Finnst þeim kannski allt í lagi að 72 ára gamall maður sé nánast týndur og tröllum gefinn?

-Stakkur.



Yfir 5000 titlar

Erum við með besta úrvalið og besta verðið?

Komdu við og kannaðu málið

Verslið þar sem úrvalið er

Vídeó Möllin - við Norðurveg 456 4853



Helgarveðrið
Horfur á fimmtudag: Hæg breytileg átt og víða léttskýjað. Vægt frost norðanlands en annars hiti á bilinu 0 til 5 stig.

Horfur á föstudag: Suðaustan gola eða kald. El og síðan rigning sunnanlands. Hiti 0 til 5 stig.

Horfur á laugardag: Austlæg átt, skúrir eða rigning sunnantil en þurrt að mestu norðanlands. Hiti 0 til 5 stig.

Á sunnudag má búast við norðlægrri átt, el norðanlands en skúrir sunnantil. Hiti 0 til 5 stig.

http://www.schoolsucks.com
góðar NETINU

http://www.schoolsucks.com

Þeir eru margir skrytnir staðir á Netinu. Hér er einn sem sérhæfir sig í svindlum á prófum.

http://www.arabianwildlife.com

Hefur þú einhverja hugmynd hversu fjölbreytt dýralífið er í Arabíu. Þessi heimasíða getur veitt þér góða innsýn í þennan fjölbreytta heim.

http://north.audubon.org

Þeir eru margir farfuglarnir sem koma til Íslands. Hérna getur þú fylgst með ferðum nokkra þeirra.



Héraðsdómur Vestfirðja

Ræstingar

Starfskraftur óskast sem fyrst til ræstinga á skrifstofu embættisins. Þarf að geta hafið störf um mánaðamótin apríl-maí.

Upplýsingar veitir skrifstofustjóri í síma 456 3112.

Jónas Jóhannsson, héraðsdómari.

Félagsvist

Félagsvist verður í Sjálfstæðishúsinu, Ísafirði, miðvikudaginn 23. apríl (síðasta vetrardag) kl. 20:30. Góð verðlaun.

Fjölmennið á síðustu vist vetrarins.

Sjálfstæðiskvennafélagið.

Til sölu **Silvercross barnavagn** með burðargrind, systkinastóll á Silvercross, lítið notað burðarrúm og göngu-grind. Upplýsingar í síma 456 5199

Til sölu **14" álfelgur** með low profile dekkjum. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 456 7160

Til sölu **Lada Samara** árg. '91, ekinn 53 þús. km. Upplýsingar eru veittar í síma 456 3364

Til sölu nýleg **13" sumardekk** á felgum fyrir Toyota. Upplýsingar í síma 456 7173

Til sölu mjög vel með farið **telpna-reiðhjól** fyrir 8-10 ára. Upplýsingar í síma 456 3976, Rósa.

Til sölu **Pentium 586 tölvu**. Upplýsingar í síma 456 3421

Óskum eftir að kaupa notað **Soda-streamtæki** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 4184 kl. 17-18 og 845 3626 á daginn.

Til sölu **Oldsmobile Cutlas** Broghan árg. '80. 8 cylindra, sjálfstjóri. Upplýsingar í síma 456 7445

Til sölu nýr ónotaður **AEG GSM-sími**, lítil rafsuða, bílaútvarp/segulband og lítill ferða geislasplari. Upplýsingar í síma 456 7445

Pylsuvagn til sölu, tilvalið fyrir einstaklinga eða félagasamtök. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk. Upplýsingar í síma 456 7279

Til sölu **Simokerruvagn**. Upplýsingar í síma 456 5251

Til sölu **Trek 9500 alvöru fjallahjól**, 26", 24-gíra, árg. '95, með stillanlegum dempurum að framan og aftan. Upplýsingar í síma 456 5326 og vs. 456 5123, Krummi.

Vel með farið þriggja ára **20" reiðhjól** er til sölu, vinnraut. Einnig 20" BMX

hjól, gyllt. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 3921

Til sölu **Kawasaki 650 sjúköttur**, ganghraði 44 sjm. Þrjár flötbúningar og hnébretti fylgja. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 7826

Íbúð til sölu! 55m² rosa kósý risið á rómlu stað í bænum, seinni partur óskast! Upplýsingar í síma 456 4775, Bjarki og Hrafnhildur.

Til sölu **Sega megadrive** leikjötölva með 2 stýripinum, 6 leikjum og master system converter II, á kr. 8.500. Upplýsingar í

skeið. Upplýsingar í síma 456 4686, Linda.

Óska eftir vel með förnun, nýlegum **kerruvagni**, stærri gerðinni. Upplýsingar í síma 456 5102

Kettlingar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 4088, á morgnana og á kvöldin. Adda.

Ungt reglusamt þar með barn **vantar íbúð**, helst á eyrinni. Upplýsingar í síma 456 3529

Griptu tækifærið á meðan það gefst! Til

Matsveinn óskar eftir skipsplássi, til afleysinga eða föstu plássi. Upplýsingar í síma 456 3967

Aðalfundur foreldrafélags Grunn-skóla Ísafjarðar 1997, verður haldinn í sal skólans þriðjudagskvöldið 29. apríl n.k. Venjuleg aðfundarstörf, kosning nýrrar stjórnar. Stjórnin.

Til sölu er **íbúðin** að Brekkugötu 1, Þingeyri sem er neðrihæð í tvíþýlishúsi. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 4204

Nú er tækifærið! Til sölu einþýlishús ásamt bílskúr að Tangagötu 24, Ísafirði. Sjón er sögu ríkari. Verð kr. 11.300.000,- Upplýsingar í síma 456 3763

Tvær ungar konur með 5 börn **vantar húsnæði og atvinnu** á Ísafirði eða nágrenni. Upplýsingar í síma 557 2243

Til sölu **Nissan Sunny** árg. 1987, ekinn 148.000 km.. Gangverð 240.000,- en efлаust hægt að komast að samkomulagi. Upplýsingar í síma 456 8135

Reglusamt, skilvíst og **reyklaust** þar óskar eftir 2-3 herbergja íbúð á Ísafirði frá 1. júní. Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 462 2526

Smáauglýsingasíminn er 456 4560.

Harmonikuball

Harmonikudansleikur verður haldinn í Víkurbæ, Bolungarvík laugardaginn 26. apríl frá kl. 23:00 til kl. 03:00.

Það verður dúndur stuð í Víkurbæ.

Harmonikufélag Vestfirðja.



UM HELGINA

Kúreka og línudansaball 18 ár

Laugardagskvöld til kl. 03:00



Kúreka hljómsveitin The Farmals ásamt Ómari Ragnarssyni og Jóhanni Erni „línudansagúrú“ landsins sem einnig stjórnar dansi á ballinu



PS. Jóhann Örn verður með kennslu í Grunnskólanum á laugardag kl. 17:00.

Föstudagskvöld til kl. 03:00

Hljómsveitin Quarashi og D.J. Gaukur 16 ára ball

Miðvikudagskvöld til kl. 03:00

Spilakvöld sjálfstæðisfélaganna

kl. 20:30

Sægreifarnir

leika síðan til kl. 03:00



Diskó

Föstudagskvöld til kl. 03:00

18.ár Sægreifarnir



Skemmta til kl. 03:00 á laugardagskvöld

ÍSAFJARÐARBÍÓ



Star Wars

Miðvikudag (Síðasta vetrardag) kl. 21:00

Fimmtudag kl. 21:00

Föstudag kl. 21:00

Sunnudag kl. 17:00



The Devil's Own

Sunnudag kl. 21:00

Mánudag kl. 21:00

Þriðjudag kl. 21:00



ÍSAFJARÐARBÆR

VINNUSKÓLI ÍSAFJARÐARBÆJAR

Óskað er eftir flokkstjórum, ekki yngri en 20 ára á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði.
Upplýsingar í síma 456 3722 og 894 2735.

Forstöðumaður Vinnuskóla,
Kristinn Lyngmó.

VIÐTALSTÍMAR BÆJARFULLTRÚA

Fimmtudaginn 24. apríl verða bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar með viðtals-tíma.

Fastir viðtalstímar bæjarfulltrúanna eru annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar.

Á **Suðureyri** verða bæjarfulltrúarnir Halldór Jónsson og Smári Haraldsson með viðtalstíma frá kl. 18:30 - 19:30 Fundarstaður: Skrifstofa Ísafjarðarbæjar, Aðalgötu 16, Suðureyri.

Á **Ísafirði** verða bæjarfulltrúarnir Þorsteinn Jóhannesson og Kristinn Jón Jónsson með viðtalstíma frá kl. 18:30 - 19:30.

Fundarstaður: Skrifstofa Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði (II. hæð - Fundarsal bæjarstjórnar)

Bæjarstjóri.

AFGREIÐSLUFULLTRÚI

Staða afgreiðslufulltrúa hjá Ísafjarðarbæ er laus til umsóknar. Um er að ræða almenn skrifstofustörf og síma-vörslu. Vinnutími frá kl. 9:00 - 15:00 (75% starf).

Almenn góð menntun æskileg. Laun samkvæmt kjarasamningi við FOS Vest.

Umsóknarfrestur er til 1. maí nk.

Upplýsingar gefur undirrituð.

Aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSAFJÖRÐUR:

Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
Sunnholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-

Dalbraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-

Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.

Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-

Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-

Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-

Mjallargata 6: Norðurendi, 2x40m² 4ra herbergja íbúð ásamt tvöföldum bílskúr. Íbúðin er laus. Verð: 3.600.000,-

Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-

Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-

Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Fjarðarstræti 14: 95m² sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt 2/3 hluta kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.



Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir.

Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-

BOLUNGARVÍK:

Miðstraeti 6: 93m² timburhús. Verð: 700.000,-

Völusteinsstræti 9: 130m² einbýlishús ásamt bílskúr. Verð kr. 6.800.000,-

Völusteinsstræti 28: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgerpt að utan. Verð: 7.000.000,-

Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.

Ljósaland 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 4.000.000,-

Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.

Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-

Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.

Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.

Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-

Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

Hlíðarvegur 3: 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.

Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.

FLATEYRI:

Ránargata 5: Gamalt járnlegið timburhús sem er illa farið. Verð 500.000,-

PINGEYRI:

Fjarðargata 6: Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.

Vallargata 6: 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-



Bifvélavirkni eða maður vanur bifvélaviðgerðum

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan bifvélaviðgerðum.

Upplýsingar veitir Halldór í síma 456 4580 eða á staðnum.

Laust starf

Póstur og sími hf. á Ísafirði óskar eftir að ráða bréffera sem fyrst.

Upplýsingar veitir stöðvarstjóri í síma 456 5000 eða á skrifstofu.

Póstur og sími hf.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Sjávarútvegsfyrirtækið Bakki

Hlutafé aukið um 119 milljónir króna

Stjórn Bakka hf., hefur ákveðið að nýta sér heimild, sem samþykkt var á aðalfundi fyrirtækisins 12. desember s.l., til að auka hlutafé um 119 milljónir króna eða úr 531 milljón króna í 650 milljónir króna. Hluthöfum hefur nú verið boðið að nýta sér forkaupsrétt sinn að þessu hlutafé á genginu 1,30. Stærstu hluthafar eru; Aðalbjörn Jóakimsson sem á 43,39%, Sund ehf. á 8,20%, Burðarás hf. á 6,83%, Skeljungur hf. á 6,37%, Agnar Ebenesersson á 6,27%, Tryggingarmiðstöðin hf. á 5,47%, Kristján Guðmundsson ehf. á 4,71%, Gná ehf. á 3,58%, Bakki söluskrifstofa ehf. á 1,88% og Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur á 1,32%.

Í tilkynningu til hluthafa segir, að tilgangur hlutafjárútbodsins sé að styrkja fjár-

hagsstöðu félagsins í framhaldi af hagræðingu og endurbótum á frystihúsi, rækjuvinnslu og skipaflota, sem unnið hefur verið að undanfarna 18 mánuði. Nýir eigendur tóku við rekstri Bakka hf. á seinni hluta árs 1995 og var þá hafist handa við gagngerar endurbætur á fiskvinnslu félagsins í Bolungarvík og jafnframt byggð upp rækjuvinnsla í hluta húsnæðisins. Þessum endurbótum var lokið á fyrri hluta síðasta árs og er bolfiskvinnsla fyrirtækisins nú ein sú fullkornasta á landinu. Þann 1. september s.l. var félagið sameinað rækjuvinnslunni Bakka hf. í Hnífsdal og starfrækir Bakki hf. nú rækjuvinnslu í Hnífsdal og Bolungarvík ásamt bolfiskvinnslunni í Bolungarvík.

Einnig hefur verið unnið að

verulegum breytingum á skipastól fyrirtækisins. Þrjú línuskip hafa verið seld og hefur félagið nú yfir að ráða tveimur ísfisktogurum, Dagrúnu, sem gerð er út til bolfiskveiða og Heiðrúnu. Viðræður standa nú yfir um sölu Heiðrúnar án varanlegra veiðheimilda og er áformað að kaupa öflugri togara til rækjuveiða í stað Heiðrúnar. Varanlegar fiskveiðiheimildir Bakka á þessu fiskveiðiári er um 5.406 þorskgildistonn.

Stjórnendur Bakka gera ráð fyrir að þær veigamiklu breytingar sem gerðar hafa verið í rekstrinum að undanförunni muni skila sér í umtalsvert betri afkomu og mun yfirstandandi hlutafjárútbod vera liður í því að styrkja frekar fjárhag félagsins í vextinum framundan.



Sóttvarinn kór í heimsókn

Kór menntaskólans við Hamrahlið var í söngferð um Vestfirði í síðustu viku og kom m.a. við í Íshúsfélagi Ísfröðinga til að syngja fyrir starfsfólk. Að söngnum loknum voru kórfelegar lóðsaðir um fyrirtækið og þeim sýnt það markverðasta en Íshúsfélagið bauð síðan upp á léttar veitingar í þakklætisskyni. Ljósmyndari blaðsins var á staðnum og tók meðfylgjandi mynd, en eins og sjá má er kórinn klæddur „nýjstu tísku“ að hætti Bjarkar sem hefur vakið athygli um heimsbyggðina fyrir frystihúsa- og vinnufataklæðnað sinn.

Hugvit Bolvíkingsins Jóns Atla Magnússonar

Hannar stubbastauta

Reykingarmenn nútímans eiga sífellt óhægar um vik við að stunda iðju sína. Þeim hefur verið úthýst af flestum vinnustöðum og opinberar stofnanir, verslunar- og þjónustufyrirtæki hafa lagt blátt bann við reykingum.

Reykingarmönnum hefur þar með verið ýtt út í kuldann í orðsins fyllstu merkingu, því þeir hafa víða brugðið á það ráð að fara út til að reykja. Það má sjá þá híma í smá hópum fyrir utan ýmis fyrirtæki, þar sem þeir söga að sér reykin á mettíma áður en kuldinn ber þá ofurlíði. Þetta hefur svo leitt af sér að sígarettustubbar og eldspýtur liggja eins og hráviði við innganga viðkomandi fyrirtækja til mikillar óþrýði.

Við flugstöðvarbygginguna á Ísafjarðarflugvelli er oft og iðulega fjöldi fólks við reykingar, vegna þess að reykingar eru bannaðar inni, og er þá stubbum oft kastað beint af augum. Reyndar eru járnfötur staðsettar þarna, en fólk veigrar sér við að kasta logandi stubbum í þær vegna þess að oft er ýmislegt bréfa-

rusl þar fyrir, sem hætt er við að kvikni í.

Þetta var orðið vandamál fyrir utan verkmenntahús Framhaldsskóla Vestfjarða vegna þess að reykingar nemenda ollu miklum sóðaskap. Kennarar hugðust banna reykingar þarna, en gáfu nemendum færi á að koma með viðunandi lausn á vandamálinu. Ekki kom til greina að setja opin ílát á stéttina utan við húsið af fyrrgreindum ástæðum.

Ungur nemandi, Jón Atli Magnússon, gerði sér lítið fyrir og kom með bráðsniðuga lausn sem fólst í því að hann smíðaði hólk úr röri með mjóu gati að ofan svo hægt væri að koma sígarettustubbum þar ofaní en ekki öðru drasli. Að neðan er lok svo hægt sé að losa rörið og utan á rörið er soðinn pinni sem gengur niður fyrir það og er þá hægt að stinga rörinu í jörðina. Einfalt, gott og virkar.

Nú er hreinlegt um að litast fyrir utan verkmenntahúsið, en það er ekki vegna þess að nemandur hafi hætt að reykja, sem hefði nú verið enn betra, heldur vegna fyrrgreinds hlutar



Jón Atli við uppfinningu sína.

sem Jón Atli kallar „stubbastaut.“ Jón Atli, sem er Bolvíkingur, er á öðru stigi vélstjórnarnáms í verkmenntadeild Framhaldsskólans. Hann segir að hugmyndin að stubbastautnum hafi komið fljótt upp eftir að hann fór að hugsa málið en óráðið sé með framhaldið. Hann segir þó að smíða megi ýmsar útgáfur af stubbastaut-

um, t.d. megi hafa hann hærri svo fólk þurfi ekki að beigja sig en þá rúmar staturinn líka fleiri stubba.

BB mælir með því að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög notfæri sér uppfinningu Jóns Atla og stuðli þar með að bættri umgengni. Vestfirskt hugvit, já takk.

Bolungarvík

RUV tekur upp djasstónleika

Mikið verður um að vera í Bolungarvík í kvöld, en þá verða miklir djasstónleikar haldnir í Víkurbae. Þar koma fram helstu djasseggjjarar Vestfjarða, þeir Vilberg Vilbergsson, Gunnar Hólm, Magnús Reynir Guðmundsson, Karl Geirmundsson, Baldur Geirmundsson og Ólafur Kristjánsson. Ríkisútvarpið mun hljóðrita tónleikana og er ætlunin að senda þá út 1. maí. Kynnir verður Vernharður Linnét og mun hann væntanlega taka „djasarana“ tali á milli þess sem hann kynnir lögin sem verða flutt. Að sögn Ólafs Kristjánssonar, samanstandur dagskráin af léttum „standörðum“ sem flestir ættu að kannast við en Ólafur nefnir þessa tegund tónlistar, „dinnerdjass.“ Húsið verður opnað kl. 21:00 en áætlað er tónleikarnir hefjist stundvíslega kl. 22:00.



Villi Valli verður meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum.